

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Herdís Schopka  
Skuggasundi 1  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18.03.2014

Efni: **Umsögn um tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar um flokkun virkjunarkosta**

Verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlunar) kynnti tillögu um flokkun virkjunarkosta í neðri hluta Þjósár með auglýsingu þann 19. desember 2013 og óskaði jafnframt eftir athugasemdum við tillöguna eigi síðar en 19. mars 2014.

Í viðauka við erindisbréf verkefnisstjórnar, dagsett 12. júlí 2013, beindi umhverfis- og auðlindaráðuneytið þeim tilmælum til hennar að forgangsraða vinnu sinni þannig að hún framkvæmdi, eins fljótt og auðið er, faglegt mat á tilteknum þáttum varðandi átta virkjunarkosti. Einn af þessum kostum er Hólmsárvirkjun neðri við Atley sem ekki fékk fullnægjandi mat í meðförum fyrri verkefnisstjórnar, skv. viðauka erindisbréfsins.

Í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir kemur fram að hvað Hólmsárvirkjun neðri við Atley varðar taldi verkefnisstjórn nægjanleg grunngögn liggja fyrir til að unnt væri að ljúka mati virkjunarkostsins. Þrátt fyrir að engin gögn hafi skort er það þó niðurstaða verkefnisstjórnar að framkvæma ekki þetta mat gagnvart Hólmsárvirkjun neðri við Atley. Orkusalan harmar þá niðurstöðu.

Orkusalan óskar jafnframt eftir því að við frekari vinnu rammaáætlunar muni verkefnisstjórn forgangsraða vinnu sinni þannig að rökstutt mat á röðun Hólmsárvirkjun neðri við Atley í rammaáætlun verði lokið sem fyrst.

Virðingarfyllt, f.h. Orkusölnunnar ehf.



Magnús Kristjánsson,

framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf.